

Hverfisráð Hríseyjar

25. fundur

Ár 2008, mánudaginn 7. júlí kl.18:00 var 25. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Á fundinn mættu: Kristinn Árnason, Linda M.Ásgeirsdóttir, Ingimar Ragnarsson Aðalsteinn Bergdal, og Þorgeir Jónsson.

Dagskrá:

1. Bréf frá samgönguráðuneytinu dags. 24.júní 2008
Lagt fram til kynningar
2. Erindi frá Akureyrarbæ dags. 13. júní undirritað af Jóni Birgi Gunnlaugssyni varðandi bréf frá yfirdýralækni dags 2. maí um sauðfjárbeit í Hrísey.
“Hverfisráð fjallaði um efni bréfsins og var sammála um að athugað verði hvort beit geita eða sauðfjár á afgirtum svæðum í landi Ystabæjar stangist á við efni 7. greinar í samningi sem gerður var á milli Landbúnaðarráðuneytis og Hríseyjarhrepps”.
3. Gróðurkort af Hrísey unnið af Náttúrufræðistofnun. Lagt fram til kynningar.
4. Byggðakvóti.
“Hverfisráð leggur til að úthlutun byggðakvótans verði skipt jafnt á milli útgerðarfyrirtækjanna í Hrísey sem jafnframt eru með vinnslu á staðnum”

Einnig óskar Hverfisráð eftir að Akureyrarbær beiti sér fyrir því að orðalagi í D lið reglugerðar nr. 637 verði breytt svo byggðalagið Hrísey fái lágmarksskerðingu á kvóta miðað við úthlutun fiskveiðiáranna 2006/2007 og 2007/2008 þ.e.a.s. 15 þorskígildistonn eins og önnur sveitarfélög með færri en 400 íbúa.

Og viljum við minna á að við sameiningu sveitarfélaga er skýrt tekið fram að úthlutun byggðakvóta skerðis ekki.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Kristinn Fr. Árnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Kristján Ingimar Ragnarsson
Aðalsteinn Bergdal
Þorgeir Jónsson

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrúnu Kristjánsdóttur

